

1973 nr. 16 13. apríl

Lög um happdrætti Dvalarheimilis aldraðra sjómanna

Tóku gildi 14. maí 1973. *Breytt með* L. 53/1976 (tóku gildi 11. júní 1976), L. 24/1987 (tóku gildi 30. apríl 1987), L. 21/1997 (tóku gildi 30. apríl 1997), L. 129/2004 (tóku gildi 31. des. 2005), L. 147/2007 (tóku gildi 29. des. 2007), L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011) og L. 126/2015 (tóku gildi 31. des. 2015).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríkisráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Heimilt skal Dvalarheimili aldraðra sjómanna að stofna happdrætti um bifreiðar, bifhjól, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og farmiða til ferðalaga.

□ Verð happdrættismiða skal ákveðið af ráðherra, að fengnum tillögum frá stjórn Dvalarheimilis aldraðra sjómanna.

■ **2. gr.** [Dráttur skal fara fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, sem [ráðherra]¹⁾ skipar til þess. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmæti eða gildi

dráttar, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnað af þessu ber happdrættið. Dregið skal mánaðarlega.]²⁾

¹⁾ L. 126/2011, 59. gr. ²⁾ L. 53/1976, 1. gr.

■ **3. gr.** [[Heimild þessi gildir til 1. janúar 2034.]¹⁾

□ Ágóði happdrættisins skal renna til byggingarframkvæmda fyrir aldraða á vegum Sjómannadagssamtakanna í Reykjavík og Hafnarfirði. Heimilt er stjórn samtakanna, sem sér um stjórn og daglegan rekstur happdrættisins, að veita styrk eða lán til annarra bygginga um land allt í þágu aldraðra, svo sem verndaðra þjónustuíbúða, umönnunar- og hjúkrunarheimila og þjónustumiðstöðva fyrir aldraða.]²⁾

¹⁾ L. 126/2015, 3. gr. ²⁾ L. 24/1987, 1. gr.

■ **4. gr.** Vinningar í happdrætti þessu skulu undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum . . . ¹⁾

¹⁾ L. 129/2004, 40. gr.

■ **5. gr.** Ráðherra setur með reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um starfsemi happdrættisins, þar á meðal um endurskoðun ársreikninga happdrættisins . . . ²⁾

¹⁾ Rg. 148/2000, sbr. 238/2000, 268/2001, 837/2001, 210/2003, 311/2004, 306/2006, 401/2011, 278/2013 og 344/2015. ²⁾ L. 24/1987, 2. gr.